



Fundargerð

Fundur haldinn í Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps fimmtudaginn 6. febrúar 2020, kl. 17 á bókasafni Reykhólaskóla.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Agnieszka Anna M. Kowalszyk og Eggert Ólafsson í forföllum Ólafíu Sigurvinsdóttur og Vilbergs Þráinssonar. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi og Auður Grétarsdóttir fulltrúi foreldra auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár. Samþykkt að taka liðinn „Íslenkukennsla fyrir nýbúa“ undir önnur mál.

- 1. Fundargerð síðasta fundar:** Tekin fyrir, afgreidd og undirrituð.
- 2. Leikskólamál:** Formaður fór yfir stöðuna í leikskólanum og manneklu. Skólastjóri fór yfir vandkvæði í mannahaldi, forföll og viðbrögð við þeim. Fyrirséð er að loka verður leikskólanum eftir hádegi næsta mánudag. Fundað verður með starfsfólki eftir hádegi og foreldrum leikskólabarna síðar um daginn. Formanni og skólastjóra falið að tímasetja og boða til fundanna.
Aðstoðarleikskólastjóri hefur sagt upp störfum og lætur af störfum næsta sumar. Nefndin leggur til að auglýst eftir leikskólastjóra og leikskólakennara.
- 3. Starfsdagar:** Skólastjóri óskaði eftir að starfsdagur 14. apríl verði fluttur til 20. apríl. Samþykkt samhljóða.
- 4. Kórónaveiran - leiðbeiningar:** Lagðar fram. Haft verði samráð við Rauða Krossinn og almannavarnanefnd.
- 5. Útleiga húsnæðis skólans:** Samþykkt að formaður, sveitarstjóri, skólastjóri ásamt fulltrúa mötuneytis vinni tillögur fyrir sveitarstjórn.
- 6. Frístund - starfslýsingar og símenntun:** Jóhanna lagði fram til kynningar tillögur að starfslýsingum og símenntun fyrir frístundasvið sveitarfélagsins.

7. Önnur mál:

- a) Íslenskukennsla fyrir nýbúa. Samþykkt að nýbúum verði gefin kostur á íslenskunámi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
